


Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sigríður Gröndal
sópran
Anna Guðný Guðmundsdóttir
píanó



Við treystum á þig!
Happdrætti samtaka um byggingu tónlistarhúss

13. júní 1989
kl. 20:30

Sigríður Gröndal er fædd í Reykjavík, en hóf söngnám í Tónlistarskóla Kópavogs 1973 og naut þar leiðsagnar Elísabetar Erlingsdóttur um tveggja ára skeið. Þá gerði hún hlé á námi en hóf það að nýju 1978 og gerðist þá nemandi Sieglinde Kahlmann. Haustið 1979 settist hún í Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan burtfararprófi 1983 og einsöngvaraprófi 1984. Sigríður söng hlutverk Fyrsta anda í *Töfraflauunni*, hlutverk Adele í *Leðurblökunni*, Zerlinu í *Don Giovanni* og Barbarinu í *Brúðkaupi Flígara*s hjá Íslensku óperunni og hefur auk þess komið fram með Þjóðleikhúskórnum í Orfeifi og Efridísi og Cavalleria Rusticana. Einnig hefur hún komið fram sem einsöngvari með ýmsum kórum, svo sem í *Carmina Burana*, *Requiem* eftir Mozart og með Karlakór Reykjavíkur í Frakklandi. Vorið 1983 tók Sigríður þátt í söngvakeppni sjónvarpsins og hlaut þar fyrstu verðlaun. Hún var fulltrúi Íslands í „Cardiff Singer of the World Competition“ sem var haldin í Wales sama ár. Sigríður stundaði nám í Hollandi árin 1985-88 og hélt sína fyrstu opinberu tónleika í Den Haag í desember 1987.

Anna Guðný Guðmundsdóttir lauk prófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1979 og sótti framhaldsnám til Guildhall School of Music í Lundúnum hjá þeim James Gibb og Gordon Back. Hún hefur tekið virkan þátt í tónlistarlífi landsins undanfarin ár, aðallega við flutning kammertónlistar. Hún hefur einnig komið fram sem einleikari með Íslensku Hljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveit Íslands og í vetur lék hún einleik í verkinu „Des canyons aux étoiles“ eftir Messian með Kammersveit Reykjavíkur. Anna Guðný kennir við söngdeild Tónlistarskólans í Reykjavík.

Efnisskrá

- | | |
|---------------------------------|-------------------------------|
| Hugo Wolf | |
| Er ist's | (Eduard Mörike) |
| Auf ein altes Bild | (Eduard Mörike) |
| Anakreons Grab | (Goethe) |
| Ich hab in Penna einen Liebsten | (Úr ítölsku ljóðabókinni) |
|
 | |
| Franz Schubert | |
| Suleika I | (Marianne von Willemer) |
| Suleika II | (Marianne von Willemer) |
|
 | |
| Claude Debussy | „Quatre Chansons de jeunesse“ |
| Pantomime | (Paul Verlaine) |
| Clair de Lune | (Paul Verlaine) |
| Pierrot | (Théodore de Banville) |
| Apparition | (Stéphane Mallarmé) |
|
 | |
| Henri Duparc | |
| L'invitation au Voyage | (Charles Baudelaire) |
| Soupir | (Sully Prud'homme) |
| Chanson triste | (Jean Lahor) |

Er ist's Það er vor
Vorið lætur lindann sinn bláa
blakta um loftin enn á ný.
Gamalkunnur sætur ilmur blás
um landið fullur fyrirheita.
Fjólurnar er farið að dreyma,
þær búast til að koma.
Hlustum, úr fjarska berst hörpuómur.
Vor, það ert þú!
Það ert þú sem ég finn!
Þorsteinn Gylfason þýddi

Auf ein altes Bild Kvæði um gamla mynd
í grænu landslagi umvöfðu sumarblóma,
við svala lind, sef og reyr,
sjáið hvernig syndlaus drengsnáðinn
leikur sér frjállega í kjöltu meyjarinnar!-
Og þarna í unaðslegum skóginum
er krossins tré tekið að laufgast.
Reynir Axelsson þýddi.

Ich hab in Penna einen Liebsten.
Einn karasta á ég sem býr í Penna
og annan í flóanum Maremma
enn einn við höfnina fögru í Ancona,
til hins fjórða fer ég alla leið til Viterbo.
Svo er sá sem býr þarna í Cesentino,
sá næsti býr hérna í þorpínu.
Svo á ég einn til vara í Magione,
fjóra í La Fratta, tíu í Castiglione.
Þorsteinn Gylfason þýddi

Suleika I Til austanvindsins
Austanvindur anda hrærir,
af hans þyt ég fréttu leita,
hjarta því sem hugraun særir
hann mun ferskur líknir veita.

Dátt hann rekur dustið undan,
dreifir hnyklum þess af gáska,
flugna mor með fima skundan
flýr í laufguð skjól úr háska.

Sjálfan loga sólar deyfir,
svalar mínum heitu vöngum,
lætur meðan vængjum veifir
vinber kysst í brekkum löngum.

Hann um vin minn hljótt mér skrafar,
hvað ég eigi gott í vonum:
fyrir en sól í sorta kafar
sit ég vær að fótum honum.

Heilsa glöðum, hryggum fróa,
hvar sem fram þú svífa náir,
þar sem háar hallir glóa
hann ég finn sem líf mitt þráir.

Aftur lífgast æskumáttur,
ástarglæðing snytrir sefa,
allt það megnar andardráttur,
orð og nánd hans mér að gefa.
Jón Helgason þýddi

Suleika II Til vestanvindsins
Vegna rakra vængja þinna,
vestanblær, þig salan tel ég,
honum skal þér unnt að inna
angur mitt, er fjarri dvel ég.

Meðan fleygur fram þú rásar
fyllist brjóstið trega sárum,
blómstur, skógar, augu, ásar
eftir stendur vott af tárnum.

Þó fær svalað sollnum hvarmi
svif þitt mjúkt í haustsins lundi,
bugast hlýt ég brátt af harmi
bregðist von um nýja fundi.

Fljúg þú hratt um víða vegi,
vini mínum boðskap greindu,
haf þess gát að hryggja' hann eigi,
haltu mínu stríði leyndu!

Lát þó sagt með lágu hvísli:
líf mitt sé að hann mér unni,
endursýn hans ein mér sýsli
yndisbót í hjartagrunni.

Jón Helgason þýddi

Pantomime Bendingaleikur
Pierrot er enginn Klítandros, -
hann tæmir flöskuna í einum teyg,
og tekur síðan, verkséður sem hann er,
óðar til við brauðkolluna.
Kassandra, í hinum enda götunnar,
fellir í laumi tár yfir arfsviptingum, frænda sínum.
Hrekkjalómurinn hann Harlekin leggur á ráðin
um brottnám Kólombínu og snarsnýr sér
fjórur sinnum um sjálfan sig á tánnum.
Kólombína gefur sig draumnum á vald,
undrandi yfir að kenna til hjarta síns í andvaranum
og heyra raddir þar innra fyrir.

Clair de Lune Tunglskin
Sál þín er sérkennilegt landslag,
þar sem grimuklæddir loddarar heilla áhorfendur
með lútuleik og dansi,
svólítið daprir undir afkárlegu gervi sínu.

Þeir syngja í moll um sigursæla ást
og hagsældarlíf og líta ekki út fyrir
að trú á hamingju sína,
en söngur þeirra blandast tunglskininu.

Kyrrlátt tunglskinið, angurvært og fagurt
vekur drauma hjá fuglunum á trjánum
og kemur gosbrunnunum til að andvarpa eins og í leiðslu,
gosbrunnunum stóru og spengilegu innan um marmarann.

Pierrot

Ljúfurinn hann Pierrot, augnagaman áhorfenda
kemur slangrandi niður boulevard du Temple,
eftir að hafa komið Harlekin í hjónasöngina.
Léttbúin yngismær reynir árangurslaust
að heilla hann með hýru augnskoti,
en verður um leið, og á dularfullan hátt
ósjálfhátt ástfangin af honum.
Tríhyrndur máninn gýtur hornauga
til vinar síns, Jean-Garpard Debureau.

Apparition Sýn

Máninn var dapur. Társvotir ljósenglar hvíldu í draumi,
með boga í höndum sér, á rökum blómabeði og
ollu hvítum andvörpum deyjandi fjólanna,
sem stígu upp yfir bikara þeirra.
Það var á þeim blessaða degi, er þú kysstir mig í
fyrsta sinn.
Draumórar sóttu að mér í vímu angandi trega,
en án þess að skilja eftir söknuð eða iðrun,
sem tíðum vaknar í brjósti þess, er rifjar upp draum
sinn.
Ég gekk leiðar minnar, horfandi á gömlu, slitnu götu-
steinana.
En þá komstu hlajandi á móti mér
í kvöldskininu með sólargeisla í hári þínu.
Það var sem birtist mér ein hinna ljósi krýndu dísa
sem forðum vitjuðu mín, dekurbarnsins, í draumi,
og stráðu jafnan ilmandi snæstjörnum úr holum lófa
sínun.

L'Invitation au Voyage

Boðið til ferðar
Barnið mitt, systir mín,
ímyndaðu þér ánægjuna
af að fara þangað og lifa saman.
Að elska í næði
að elska og deyja
í landi sem líkist þér.
Fljóttandi sólrir
þokuhimnanna
hafa sömu dularfullu töfrana
og slóttug augu þín
sem ljóma gegnum tárin.

Það er ekkert annað en regla og fegurð,
munaður, kyrrð og yndi.

Sjáðu í síkjunum
sofandi skipin
sem eru þó gjörn á að flakka.
Þau koma til að fullnægja
þínum minnstu óskum

alla leið frá endimörkum heimsins.
Sólirnar sem setjast
bregða yfir akrana
síkin, alla borgina,
bjarma af hýasintu og gulli.
Veröldin sofnar
í hlýrri birtu.

Það er ekkert annað en regla og fegurð,
munaður, kyrrð og yndi.
Kristján Arnason þýddi.

Soupir Andvarp

Aldrei að sjá hana né heyra,
aldrei að nefna hana upphátt,
en tryggur að biða hennar stöðugt
og elska hana stöðugt.

Að opna faðminn og umlykja tómið,
leiður á að biða,
en samt stöðugt að breiða út faðminn mót henni
og elska hana stöðugt.

O, að geta ekki annað
en breitt út faðminn
og að tærast upp í gráti en gráta þó stöðugt,
elska hana stöðugt.

Kristján Arnason þýddi

Chanson triste Dapurlegur söngur

Í hjarta þínu sefur tunglsljós,
mildur bjarmi sumarmánans,
og til að flýja þetta angursama líf
vil ég drekkja mér í ljóma þínum.

Ég mun gleyma gengnum sorgum,
ástin mín, þegar þú umvefur
sorgmætt hjarta mitt og hugsanir
í ástrikri blíðu arma þinna.

Stundum muntu taka mitt veika höfuð
og leggja það á kné þér
og syngja því söngva
sem virðast fjalla um okkur.

Og í augum þínum fullum af hryggð,
í augum þínum mun ég þá drekka
svo djúpt af kossunum og af ástúð
að kannski mun ég þá læknast.

Reynir Axelsson þýddi